

# Reiðhjól fyrir dömur

**Það eru endalausir kostir við að hjóla í vinnuna – minni umferð, hreinna loft, betra skap og minni útgjöld, svo ekki sé talað um maga, rass og læri!**

Höfuðborgin er hægt og bítandi að innleiða hjólreiðamenningu og sífellt fleiri Reykvikingar velja reiðhjólið sem samgöngutæki. Fjallahjólið hefur lengi átt vinsældum að fagna hér á landi og er oftast tekið fram yfir borgarhjólið. En það er að breytast og menn hafa áttað sig á því að það er fyrir löngu búíð að malbika göturnar og hjól sem eru hönnuð fyrir möl og hóla hafa allt aðra eiginleika en borgarhjólin. Í danska neytendablaðinu TÆNK (maí 2009) birtist gæðakönnun á dömureiðhjólum (dame citybike) og Neytendablaðið ætlar hér á eftir að draga saman það helsta sem þar kemur fram.

## Danirnir kunna það

Danir eru langt á undan okkur í hjólreiðamenningu og við getum lært margt af þeim. Níu af hverjum tíu Dönnum eiga hjól en almennt eru það konurnar sem velja frekar að hjóla í vinnuna á meðan karlar kjósa frekar að nota bílinn. Á hverju ári selst um hálf milljón hjóla í Danmörku og hafa þau að meðaltali 6 ára líftíma. Reiðhjól er notað sem samgöngumáti í um fjórðung af öllum stuttum ferðum (vegalengdir sem eru 300 metrar til fimm km.) þar á landi. Hjólreiðar eru umhverfisvænar og hafa ber í huga að ef hjólaðir eru 2,5 km daglega til vinnu í stað þess að taka bílinn sparast árlega um 150 kg af CO2 í útblæstri.

## Ódýrt en best

TÆNK gerði gæðakönnun á 10 dömureiðhjólum og komu þau mjög misjafnlega út. Tvær tegundir deildu efsta sætinu og nokkuð að óvörum var annað hjólið eitt hið ódýrasta í könnuninni. Var þar um að ræða hjól af tegundinni SCO Comfort, frá stórmarkaðinum Bilka (2.999 DKK). Hitt hjólið sem trónir á toppnum er Raleigh Contour Coaster (4.399 DKK). SCO hjólið fékk toppinkunn hvað varðar þægindi og bremsu- og aksturseiginleika en skoraði ekki svo hátt í veðrunarprófinu. Aftur á móti stóðst Raleigh mjög vel veðrunarprófið en fékk aðeins lægri einkunn fyrir þægindi og aksturseiginleika. Veðrunarprófið fór þannig fram að kannað var ryð og tæring á reiðhjólunum eftir tveggja mánaða stöðuga útivist í janúar til mars þar sem hjólið var bleytt í saltvatni.

## Áður en þú kaupir hjól

Gott er að hafa ýmis atriði í huga við val á nýju reiðhjóli:

- Gerðu þér grein fyrir þörfinni. Hvað ætlar þú að hjóla langt á hverjum degi? Ætlar þú að flytja börn á hjólinu eða innkaupapoka?
- Tryggðu að hnakkurinn sé þægilegur. Spurðu þig hvort þægindin séu ekki örugglega mikilvægari en útlit hjólsins.
- Taktu nokkra reynslutúra áður en þú kaupir hjól. Prófaðu mörg ólík hjól og gjarnan í fleiri en eitt skipti.

## Hugsaðu um viðhaldið, kona!

Það er nauðsynlegt að fara vel með hjólið sitt og sinna lágmarksviðhaldi til að það drabbist ekki niður.

Famke Janssen leikkona tekur sig vel út á hjóli en ætti þó auðvitað að vera með hjálm.

- Ef þú treystir þér ekki til að gera við hjólið skaltu fara með það í þjónustuskoðun á sex mánaða fresti.
- En ef þú nennir að setja smá olíu á keðjuna af og til og herða lausar skrúfur sleppur þú með að láta skoða það einu sinni á ári.
- Kannaðu loftið í dekkjunum einu sinni í viku og dældu í þau eins miklu lofti og þú getur. Þannig endast dekkinn best. Ef þú hjólar á hverjum degi þarf venjulega að skipta um framdekk annað hvert ár en afturdekkið endist í um eitt ár.
- Keðjan á alltaf að vera olíufitug. Á vetrartíma þarf að smyrja hana einu sinni í viku á meðan það sleppur mánaðarlega að sumarlagi.
- Notaðu reiðhjólahreinsi til að þrifa hjólið frekar en venjulegt sápuvatn. Það er betra fyrir hjólið því hreinsiefnið verndar gegn drullu og óhreinindum. Forðastu þó að þrifa gíra eða öxulenda.

PH

